

Vegagerðin, Austursvæði
Búðareyri 11-13
730 Reyðarfjörður

Reykjavík, 6.1.2025
UST202401-417/F.T.
08.06.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun vegna fráviks í eftirliti

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 23.7.2024, þar sem fram kom að frávik hefðu verið skráð í eftirliti í olíubirgðastöð Vegagerðarinnar, Reyðarfirði þann 26.6.2024. Þann 23.12.2024 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikin eru eftirfarandi:

- Gr. 2.3 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal koma í veg fyrir að geymar yfiryllist, t.d. með viðeigandi tækjabúnaði og/eða verklagsreglum. Bæði tækjabúnaður og verklagsreglur voru til staðar en nýttust ekki.
Í úrbótaáætlun rekstraraðila kemur fram að unnið hafi verið að endurbótum á verklagi og reglum í samráði við öryggisstjóra og verkefnastjóra umhverfismála hjá Vegagerðinni. Gert sé ráð fyrir að endurskoðaðar verklagsreglur liggja fyrir í byrjun febrúar n.k.
- Gr. 2.6 í starfsleyfi. Olíuúrgangur stendur í opnu íláti við inngang stöðvarhúss og sullast hefur upp úr því og niður á malarundirlag. Fjarlægja þarf ílátið og koma úrganginum honum til förgunar á viðurkenndan hátt.
Í úrbótaáætlun segir að um sé ræða olíusmit og afgang úr viðgerðamakbiki. Verklag um meðhöndlun á viðgerðarmalbiki hafi verið endurbætt til að fyrirbyggja að efnisúrgangur sé skilinn eftir.
- Gr. 2.6 í starfsleyfi. Skrá skal alla þjálfun starfsmanna í rekstrarhandbók stöðvarinnar. Skráningar um þjálfun eftirlitsmanna voru ekki til staðar og var rekstraraðila bent á að koma upp skráningarblöðum fyrir þjálfun starfsmanna.
Í úrbótaáætlun segir að fræðsluskrá sé haldin af fræðslustjóra Vegagerðarinnar ásamt starfsþróunaráætlun. Unnið sé að námskeiði um móttöku og afgreiðslu biks sem tilbúið verði þegar endurskoðaðar verklagsreglur og vinnulýsing fyrir biktankana verði gefin út (sbr. frávik nr. 1) ásamt viðbótum í starfsþróunaráætlun. Gert sé ráð fyrir að þeirri vinnu ljúki á næstunni.

4. Viðauka I í rg. 884/2017. Olíugeymar og olíulagnir skulu merktar með auðkennum skv. töflu í viðauka I. Engar merkingar sáust, hvorki á geymunum né lögnunum

Í úrbótaáætlun kemur fram að drög að skilgreindum merkingum liggi fyrir og gert sé ráð fyrir að viðkomandi tankar verði merkir í janúar 2025.

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti Umhverfisstofnunar.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllt

Sigríður Kristinsdóttir
sérfræðingur

Frigg Thorlacius
lögfræðingur